

**187. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
22. febrúar 2021 og hófst hann kl. 16:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2006294 - Deiliskipulag Smiðjuvalla - Kalmansvellir 6

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla vegna Kalmansvalla 6.
Ingimar Magnússon, Brynja Helgadóttir og Bjarki Magnússon lóðarhafar á Kalmansvöllum 7, sátu fundinn undir þessum lið.

2. 2005360 - Deiliskipulag Skógarhverfi áfangi 3 A

Lagfæringar í deiliskipulagi í takt við gatnahönnun og útfærslu blágrænna lausna.
Eftirfarandi lagfæringar hafa verið gerðar á deiliskipulaginu samhliða gatnahönnun:
Opið svæði fyrir vatnsfarveg og útvistarsvæði er breikkað um 6 metra í NA og stækkar skipulagssvæðið sem því nemur.
Gerð er nánari grein fyrir settjörnum og göngustígum um svæðið meðfram vatnsfarvegi.
Gangstétt og bílastæði við óbyggða götu við Álfalund er færð suður fyrir akrbrautina (Álfalund).
Veglína Skógarlunda er einfölduð og eru lóðamörk aðliggjandi lóða löguð til samræmis.
Sett er 35 fermetra lóð undir dreifstöð rafmagns í austurjaðri skipulagssvæðis.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að frávikið verði heimilað skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, breytingarnar eru í samræmi við meginatriði deiliskipulagsins og hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar og teljast þær því óverulegar.

3. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Dalbrautar 6, var auglýst frá 2. janúar til og með 18. febrúar 2021. Tvær athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulags- og umhverfisráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að koma með tillögu að svörum vegna athugasemda sem bárust við deiliskipulagsbreytinguna.

4. 2011087 - Suðurgata 50A -Kynning á viðbyggingu

Erindið var grenndarkynnt frá 14. janúar til og með 16. febrúar 2021. Athugasemdir bárust.

RS

Skipulags- og umhverfissráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur að koma með tillögu að svörum vegna athugasemda sem bárust við grenndarkynninguna.

5. **2012231 - Vesturgata 163, breyting í tvær íbúðir - umsókn um byggingarleyfi**
Umsókn um að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús.
Skipulags- og umhverfissráð leggur til að breytingin verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verði fyrir Vesturgötu 161, 160, 162, 164 og 165.
6. **2101298 - Asparskógar 1 - fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**
Erindi frá síðasta fundi ráðsins, fyrirspurn um að heimila svalaganga.
Skipulags- og umhverfissráð hafnar erindinu.
7. **2101295 - Asparskógar 5 - Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa**
Erindi frá síðasta fundi ráðsins, fyrirspurn SH Holding ehf. um fyrirhugaða byggingu á Asparskógum 5.
Skipulags- og umhverfissráð hafnar erindinu.
8. **2102301 - Flóahverfi - þróunarsvæði**
Kynning á þróunarsvæði í Flóahverfi.
Lögð fram drög að samningi við Merkjaklöpp ehf. vegna umsóknar fyrirtækisins um fimm lóðir í Flóahverfi. Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að ofangreindur samningur verði hafður til hliðsjónar varðandi afgreiðslu málsins.
9. **2102298 - Deiliskipulag Æðarodda - Æðaroddi 40 breyting**
Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Æðarodda, breytingin tekur til breytinga á byggingarreit Æðarodda 40.
Skipulags- og umhverfissráð leggur til að erindi verði grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynnt verður fyrir Æðarodda 17.
10. **2102157 - Húsvirki ehf. - umsókn um byggingarlóð fyrir fjölbýlishús**
Erindi frá Húsvirki ehf. um lóð fyrir fjölbýlishús.
Skipulags- og umhverfissráð felur Höllu Mörtu Árnadóttur skipulagsfulltrúa að hafa samband við umsækjanda varðandi fyrirspurn hans um lóð undir fjölbýlishús.
11. **2004150 - Skógræktarfélag Akraness 2020 - samningur/styrkir og land til skógræktar**
Beiðni frá Jens Baldurssyni f.h. Skógaræktarfélags Akraness um styrk til að lagfæra stíga í skógaræktarsvæði Lækjarbotna og Þverkeldu.
Skipulags- og umhverfissráð leggur til að endurnýjaður verði framkvæmdasamningur við Skógræktarfélag Akraness sem rann út 2020. Hámarksframlag fyrir árið 2021 verði 3. millj.kr sbr. fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2021.
12. **2102010 - Umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra 2021**
Á vormánuðum auglýsir stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2021. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land. Akraneskaupstaður lagði inn umsókn árið 2020 í sjóðinn vegna byggingar þjónustumiðstöðvar á Dalbraut 4. Synjun fékkst á þá umsókn. Lagt er til að sótt verði aftur um styrk þegar auglýst verður á árinu 2021.
Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að sótt verði um framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra fyrir árið 2021 vegna uppbyggingar á þjónustumiðstöð á Dalbraut. Ráðið felur sviðsstjóra að vinna umsókn í samráði við sviðsstjóra velferðar- og mannréttindarsviðs og vísa til samþykktar í bæjarstjórn.
13. **2102286 - Hótel - fyrirspurn**

RS

Snorri Hjaltason ræðir hugmyndir um byggingu Hótels.

Snorri Hjaltason framkvæmdastjóri BS eigna ehf. og Rakel Óskarsdóttir framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Leynis sátu fundinn undir þessum dagskrárlíð. Farið var yfir staðsetningu á hótélbyggu við golfvöllinn á Akranesi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:15.

Ragnar Samundsson
1. Ólafur
Guðmundur
Sigrún Páll Harðarson.
Hella Mestri Arnadóttir
Erl Zhanu Hauyensen
Haldis Sigurborsel rit.